

Reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna

Samþykkt í október 2021

Ábyrgðaraðili: Regluvörður

1. Tilgangur

- 1.1. Tilgangur reglna þessara er að draga úr líkum á hagsmunaaðrekstrum í starfsemi Kvíku eignastýringar hf. (hér eftir nefnt „KE“ eða „félagið“) og að tryggja óháða stöðu þeirra aðila sem reglurnar taka til.
- 1.2. Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglugerðar um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja nr. 995/2007.
- 1.3. Starfsmenn skulu hafa samband við regluvörð ef þeir eru í einhverjum vafa um efni eða framkvæmd reglnanna.

2. Gildissvið

- 2.1. Reglurnar taka til eftirfarandi aðila:
 - 2.1.1. Allra starfsmanna félagsins.
 - 2.1.2. Fjölskyldu starfsmanna, en með fjölskyldu er átt við maka, sambúðaraðila, samvistarmaka og ófjárráða aðila sem eiga lögheimili á heimili einhvers ofangreindra aðila, nema annað sé tekið sérstaklega fram í reglunum. Reglurnar gilda þó ekki um þá fjölskyldumeðlimi starfsmanna sem hafa undirgengist samsvarandi reglur hjá öðrum eftirlitsskyldum aðila eða hjá eftirlitsaðila, s.s. Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Ber þá viðkomandi starfsmanni að tilkynna regluverði félagsins um framangreint og hjá hvaða eftirlitsskylda aðila hann starfar.
 - 2.1.3. Allra aðila, einstaklinga eða lögaðila, sem starfsmaður tekur eða stýrir fjárfestingarákvörðunum fyrir með sama hætti eins og um eigin víðskipti eða víðskipti fjölskyldu væri að ræða. Framangreint á ekki við ef ákvarðanir eru teknar á grundvelli þjónustusamnings við KE, t.d. um eignastýringu.
 - 2.1.4. Lögaðila ofangreindra aðila, sem og félaga þar sem þeir, sjálfir eða í samstarfi við aðra aðila sem falla undir reglur þessar, geta með beinum eða óbeinum hætti í skjóli eignarhalds og/eða stjórnarsetu tekið ákvörðun um víðskipti sem falla undir reglur þessar, t.d. með eignarhaldi á 20% hlutafjár eða yferráð yfir 20% af atkvæðisrétti.
- 2.2. Hugtakið starfsmenn í reglum þessum tekur til allra framangreindra aðila nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- 2.3. Reglurnar gilda ekki um stjórnarmenn KE.
- 2.4. KE er heimilt að veita tilteknum deildum, starfssviðum, dótturfélögum eða hópum starfsmanna undanþágu frá reglum þessum. Undanþágur geta aldrei tekið til starfsmanna eða deilda sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum eða koma með einhverjum hætti að undirbúningi útboða, miðlun, ráðgjöf eða annarri sambærilegri starfsemi.

- 2.5. Regluvörður skal halda utan um framangreindar undanþágur, uppfæra, breyta og fella niður.
- 2.6. Reglurnar gilda um viðskipti með fjármálagerninga, eins og þeir eru skilgreindir í 2. t.l. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, þ.m.t. viðskipti með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini, og afleiðusamninga (s.s. valréttarsamninga, framvirka samninga og skiptasamninga). Reglurnar einnig um viðskipti með hlut í öðrum félögum en hlutafélögum, t.d. einkahlutafélögum, samlagsfélögum og sameignarfélögum.
- 2.7. Reglurnar gilda ekki um fjármálagerninga sem starfsmenn eru með í eignastýringu hjá fjármálafyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi hjá fjármálaeftirliti í því landi sem það starfar, viðkomandi fjármálafyrirtæki hefur fullt umboð til viðskipta með fjármálagerningana og starfsmenn hafa engin afskipti af fjárfestingum og fá ekki upplýsingar um einstök viðskipti fyrir en að þeim loknum. Afrit af slíkum samningum um eignastýringu skulu sendir og samþykktir af regluverði. Starfsmenn skulu jafnframt veita regluverði umboð til þess að afla upplýsinga um slík viðskipti að eigin frumkvæði ef þörf er á að mati regluvarðar.
- 2.8. Reglurnar gilda ekki um reglulegan sparnað svo sem áskrift að verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum, enda sé regluverði tilkynnt þegar starfsmaður gerir samning um áskrift eða þegar samningi er sagt upp. Starfsmenn skulu jafnframt veita regluverði umboð til að afla upplýsinga um slík viðskipti að eigin frumkvæði ef þörf er á að mati regluvarðar.
- 2.9. Regluverði er heimilt að veita starfsmönnum undanþágur frá einstökum greinum reglnanna, t.d. í eftirfarandi tilvikum:
 - 2.9.1. Samþykki á yfirtökutilboði samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Starfsmenn skulu þó ávallt tilkynna regluverði um breytingu á eignarhlut.
 - 2.9.2. Samþykki á hækkun hlutafjár eða stofnfjár. Starfsmenn skulu þó ávallt upplýsa regluvörð um breytingu á eignarhlut.
 - 2.9.3. Viðskipti með verðbréf þar sem um þvingaða sölu er að ræða.
 - 2.9.4. Viðskipti sem eru hluti af sjálfvirkri arð- eða endurgreiðslu.

3. Takmarkanir á viðskiptum með fjármálagerninga

- 3.1. Starfsmenn KE skulu sýna aðgætni í viðskiptum með fjármálagerninga þannig að þau viðskipti stangist á engan hátt á við hagsmuni viðskiptamanna félagsins á þeim tíma sem þau eru gerð.
- 3.2. Starfsmenn skulu alltaf láta hagsmuni viðskiptamanna ganga fyrir sínum eigin.
- 3.3. Ákveði sjóður eða sjóðsdeild KE að kaupa eða selja fjármálagerninga yfir ákveðið tímabil geta þeir starfsmenn, sem um það hafa upplýsingar, ekki átt viðskipti fyrir sína hönd með viðkomandi fjármálagerninga fyrir en eftir að umbeðin viðskipti hafa átt sér stað.
- 3.4. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga í þeim fyrirtækjum þar sem þeir búa yfir innherjaupplýsingum nema samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.
- 3.5. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti ef þau skapa verulega hættu á hagsmunaárekstrum á milli starfsmanns og viðskiptamanns KE eða sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri félagsins.

- 3.6. Starfsmönnum er óheimilt að kaupa af eða selja sjóðum eða sjóðsdeildum KE fjármálagerninga. Starfsmönnum er þó heimilt að kaupa og selja hlutdeildarskírteini í sjóðunum eða sjóðsdeildunum.
- 3.7. Starfsmönnum sem hafa upplýsingar um viðskipti sjóða eða sjóðsdeilda KE með fjármálagerninga er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga ef viðkomandi sjóðir eða sjóðsdeildir KE hafa átt viðskipti með sama fjármálagerninga á næstliðnum tveimur viðskiptadögum eða hyggjast eiga viðskipti með sama fjármálagerning á þeim tíma sem starfsmaðurinn sendir inn beiðni um viðskiptin.
- 3.8. Starfsmönnum sem hafa upplýsingar um viðskipti eignastýringar f.h. viðskiptamanna félagsins er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga ef eignastýring hefur f.h. viðkomandi viðskiptamanna átt viðskipti með sama fjármálagerning á næstliðnum tveimur viðskiptadögum eða hyggst eiga viðskipti f.h. viðkomandi viðskiptamanna með sama fjármálagerning á þeim tíma er starfsmaður sendir beiðni um viðskipti.
- 3.9. Regluvörður getur veitt undanþágu frá þeim takmörkunum sem fram koma í gr. 3.7 og 3.8 þegar um er að ræða beiðni um heimild til nýtingar áskriftarréttinda um hluti í móðurfélagi samkvæmt samningi, þar sem að lágmarki verða að líða tólf mánuðir frá gerð samnings þar til hann er nýttur.
- 3.10. Starfsmönnum er óheimilt að stunda skuldsett viðskipti með gerð skiptasamninga („gírun“) þar sem undirliggjandi eru íslenskir fjármálagerningar, skráðir eða óskráðir (þ.m.t. sjóðir um sameiginlega fjárfestingu), að öðru leyti en er sérstaklega kveðið er á um í gr. 8.2.
- 3.11. Þrátt fyrir að heimild regluvarðar fyrir viðskiptum með fjármálagerninga kunni að liggja fyrir ber viðkomandi starfsmaður fulla ábyrgð á viðskiptunum. Þá ber starfsmönnum að tryggja að þeirra eigin viðskipti séu óháð öðrum viðskiptum KE og að tímasetning eða umfang viðskipta starfsmanna hafi ekki neikvæð áhrif á viðskipti annarra viðskiptamanna.

4. *Upplýsingar um verðbréfaeign starfsmanns o.fl.*

- 4.1. Starfsmenn skulu, óski regluvörður eftir því, afhenda regluverði afrit yfirlits yfir verðbréfaeign úr síðasta skattframtali sínu. Þegar starfsmaður hefur störf hjá KE skal hann greina regluverði frá öllum fjármálagerningum í sinni eigu.
- 4.2. Starfsmenn skulu undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur að þeir hafi kynnt sér efni reglna þessara og skuldbindi sig til að lúta þeim, þar á meðal að þeir samþykki þá upplýsingaskyldu og felli sig við þau viðurlög sem fram koma í reglunum.
- 4.3. Starfsmenn skulu enn fremur kynna sér efni laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, auk annarra laga og reglna á fjármálamarkaði.

5. *Tilkynningarskylda um innherjaupplýsingar til regluvarðar*

- 5.1. Þeir starfsmenn sem búa yfir innherjaupplýsingum um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð ef opinber væru ber að tilkynna það til regluvarðar ásamt upplýsingum um hvaða starfsmönnum er kunnugt um framangreindar upplýsingar.

6. *Fyrirfram samþykki regluvarðar*

- 6.1. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga án fyrirfram skriflegrar heimildar regluvarðar, sbr. einnig gr. 9.3.
- 6.2. Þrátt fyrir meginreglu greinar 6.1 um fyrirfram samþykki regluvarðar er starfsmönnum heimilt að eiga viðskipti án fyrirfram samþykkis regluvarðar ef um er að ræða fjármálagerninga sem skráðir eru á erlendum skipulegum verðbréfamarkaði og hafa mikla veltu á mælikvarða þess markaðar að mati regluvarðar, til dæmis fjármálagerninga sem mynda helstu vísitölur þess markaðar þar sem fjármálagerningarnir hafa verið teknir til viðskipta, svo sem S&P500 eða FTSE100. Almennt skal lagt til grundvallar að 2 ma. USD teljist til mikillar veltu í framangreindum skilningi. Undanþága þessi getur aldrei tekið til fjármálagerninga íslenskra félaga sem teknir hafa verið til viðskipta erlendis.
- 6.3. Í skriflegri beiðni starfsmanns um heimild til viðskipta skal koma fram hvaða fjármálagerning starfsmaður óskar eftir að eiga viðskipti með, nafnverðseiningar, markaðsverð og aðrar upplýsingar eftir atvikum. Regluverði er heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum um fyrirhuguð viðskipti telji hann þörf á.
- 6.4. Leyfi regluvarðar til viðskipta gildir út viðskiptadaginn. Regluvörður getur heimilað að viðskiptin fari fram næsta viðskiptadag á eftir, t.d. ef hann hefur veitt heimild fyrir viðskiptum seint á þeim degi sem beiðni barst eða ef aðrar sambærilegar ástæður eiga við, t.d. ef um samþykki yfirtökutilboðs eða skráningu fyrir hlutafjárhækkun er að ræða.
- 6.5. Starfsmönnum er skylt að tilkynna regluverði um öll verðbréfi viðskipti um leið og þau hafa átt hafa sér stað.
- 6.6. Fari viðskipti ekki fram innan þess viðskiptadags þegar leyfi regluvarðar var gefið skal starfsmaður afla nýrrar skriflegrar heimildar.
- 6.7. Fjölskylda starfsmanns þarf ekki að fá heimild hjá regluverði fyrir kaupum á fjármálagerningum í því félagi sem fjölskyldumeðlimur starfar hjá ef fjármálagerningarnir eru keyptir á grundvelli kaupréttarfyrirkomulags fyrirtækisins. Hins vegar er skylt að tilkynna regluverði um þau viðskipti að þeim loknum, eins og um önnur viðskipti. Framangreind undanþága á hvort tveggja við um skráða og óskráða fjármálagerninga.
- 6.8. Regluvörður skal leggja mat á viðskiptabeiðni starfsmanns, m.a. út frá sjónarmiðum um aðgerðir gegn hagsmunaárekstrum. Regluverði er einnig heimilt, telji hann þörf á, að bera mat á hagsmunaárekstrum vegna mögulegra viðskipta starfsmanns undir framkvæmdastjóra félagsins, nema hann sé vanhæfur.
- 6.9. Synjun regluvarðar á heimild til viðskipta er endanleg. Regluvörður veitir enga frekari skýringu og starfsmaður skal ekki óska frekari skýringar. Synjun regluvarðar kann að vera veitt þar sem viðskipti með viðkomandi fjármálagerning hafa verið takmörkuð og ástæður þess eru trúnaðarupplýsingar.
- 6.10. Ef beiðni starfsmanns um viðskipti er skilyrt, t.d. „stop/loss“, þá skal skilyrðið koma skýrt fram í beiðninni.

7. Milliganga Kviku banka hf. og varsla

- 7.1. Öll viðskipti starfsmanna KE með fjármálagerninga skulu fara fram fyrir milligöngu Kviku banka hf., („Kvika banki“ eða „bankinn“) nema viðskipti með hlutabréf í félaginu. Starfsmenn skulu jafnframt hafa verðbréf sín vörsluð hjá Kviku banka svo mögulegt sé að hafa skilvirkt eftirlit með verðbréfavíðskiptum. Nýjum starfsmönnum ber að flytja vörslu verðbréfa sinna til bankans þegar þeir hefja störf.
- 7.2. Starfsmönnum er óheimilt að afgreiða sjálfir viðskipti sín og maka sinna og annarra aðila sem eru þeim tengdir og reglur þessar ná til. Þetta á bæði við um afgreiðslu í kerfum KE og um önnur kerfi, s.s. kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Tilgreindir starfsmenn, útnefndir af framkvæmdastjóra, skulu afgreiða og skrá öll viðskipti þeirra einstaklinga sem reglur þessar ná yfir í kerfum félagsins, í kerfum skipulagðra verðbréfamarkaða, svo og í öðrum viðskiptakerfum.
- 7.3. Starfsmönnum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði gr. 7.1., að eiga viðskipti án milligöngu Kviku banka hf. í eftirtöldum tilvikum:
 - 7.3.1. Viðskipti með veltumikla erlenda fjármálagerninga, sbr. gr. 6.2.
 - 7.3.2. Viðskipti með erlenda fjármálagerninga sem Kvika banki hf. getur ekki haft milligöngu um án verulegs viðbótarkostnaðar, svo sem ef um er að ræða kaup, sölu og millifærslu fjármuna með rafrænum hætti á netinu.
 - 7.3.3. Viðskipti með fjármálagerninga sem eingöngu er hægt að eiga hjá öðru fjármálafyrirtæki enda liggja fyrir heimild regluvarðar samkvæmt gr. 6.
 - 7.3.4. Þegar regluvörður hefur veitt heimild til slíks á grundvelli sérstakra sjónarmiða og að undangengnu samþykki regluvarðar fyrir viðskiptunum og reglubundinni upplýsingagjöf eftir þeim kröfum sem regluvörður gerir hverju sinni.
- 7.4. Regluverði skal tilkynnt um viðskipti sem eiga sér stað á grundvelli framangreindrar undanþágu auk þess sem önnur ákvæði reglna þessara gilda um slík viðskipti.
- 7.5. Starfsmönnum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði gr. 7.1., að vera með vörslu hjá öðru fjármálafyrirtæki í eftirtöldum tilvikum:
 - 7.5.1. Þegar um er að ræða hlutdeildarskírteini í sjóðum sem eru í vörslu hjá öðru fjármálafyrirtæki og ekki er möguleiki að varsla hjá bankanum.
 - 7.5.2. Þegar um er að ræða sumarstarfsmenn. Fáir starfsmaður hins vegar áframhaldandi ráðningu í hlutastarfi ber honum að flytja vörslu þegar í stað til bankans.
 - 7.5.3. Þegar starfsmaður hefur fengið fjármögnun til að nýta áskriftarréttindi að bréfum í bankanum hjá öðru fjármálafyrirtæki sem fer fram á vörslu bréfanna sem tryggingu fyrir endurgreiðslu slíkrar fjármögnunar.
 - 7.5.4. Þegar um er að ræða veltumikil erlend bréf, sbr. gr. 6.2
 - 7.5.5. Þegar regluvörður hefur veitt heimild til slíks á grundvelli sérstakra sjónarmiða og að undangengnu samþykki regluvarðar fyrir viðskiptunum.

8. *Skráðir og óskráðir fjármálagerningar*

- 8.1. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með aðra fjármálagerninga en þá sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verðbréfamarkaði sem samþykktur hefur verið af þarlandum eftirlitsaðila og samþykktur af regluverði.

- 8.2. Þrátt fyrir gr. 8.1. er starfsmönnum heimilt að eiga viðskipti með eftirtalda óskráða fjármálagerninga:
- 8.2.1. Óskráð verðbréf sem seld eru í almennu útbóði.
 - 8.2.2. Óskráð verðbréf félaga sem engin virk viðskipti eru með og hafa fjárfestingar ekki að markmiði, s.s. félag um góðgerðarstarfsemi, félag um atvinnurekstur fjölskyldumeðlima eða önnur félög sem hafa ekki fjárfestingar að megintilgangi.
 - 8.2.3. Óskráð eignarhaldsfélög sem eru í 100% eigu starfsmanns, enda fari þá með viðskipti eignarhaldsfélagsins með sama hætti og um viðskipti starfsmanns.
 - 8.2.4. Óskráða fjármálagerninga í félögum þar sem stjórn KE hefur samþykkt að starfsmenn, allir eða tilteknir, megi eiga eignarhlut enda fari starfsmenn ekki með atkvæðisrétt hlutarins.
 - 8.2.5. Óskráð verðbréf KE, móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis félagsins.
 - 8.2.6. Óskráða samninga um áskriftarréttindi (e. warrants) þar sem undirliggjandi verðbréf eru skráð.
 - 8.2.7. Óskráða skiptasamninga þar sem hlutabréf Kvíku eru undirliggjandi og samningur tengist nýtingu áskriftarréttinda eða kaupréttar starfsmanns samkvæmt samningi við bankann.
 - 8.2.8. Óskráð hlutdeildarskríteini verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða eða sérhæfðra sjóða sem starfa samkvæmt lögum um verðbréfasjóði nr. 128/2011 og lögum um sérhæfða sjóði nr. 45/2020.
- 8.3. Regluvörður getur veitt skriflega undanþágu frá banni með viðskipti með óskráða fjármálagerninga við sérstakar aðstæður enda hafi starfsmaður óskað skriflega eftir því með rökstuddum hætti. Aðstæður sem hér um ræðir eru vegna óvæntra breytinga á aðstæðum starfsmanns, s.s. veikindi, slys eða andlát í fjölskyldu hans eða hjónaskilnaðar hans, hann er að nýta forkaupsrétt sinn vegna eldri verðbréfaeignar eða hann hefur eignast fjármálagerning með öðrum hætti en kaupum, s.s. við arf eða gjöf eða fengið sem greiðslu við sölu fastafjármuna.
- 8.4. Stjórn er heimilt að veita frekari undanþágur frá meginreglu gr. 8.1 um bann við viðskiptum með óskráða fjármálagerninga.

9. Viðskipti með verðbréf móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis

- 9.1. Starfsmönnum er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis KE og fjármálagerninga þar sem slík verðbréf eru undirliggjandi. Miðað er við viðskiptadag, ekki dagsetningu uppgjörs.
- 9.2. Regluverði er heimilt að fara fram á allar upplýsingar sem varða slík kaup, fjármögnun þeirra, aðdraganda og áhrif sem þau kunna að hafa á fjárhagsstöðu viðkomandi starfsmanns.
- 9.3. Starfsmaður sem óskar heimildar til að eiga viðskipti með verðbréf móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis KE eða fjármálagerninga þar sem slík verðbréf eru undirliggjandi eign skal senda beiðni til regluvarðar a.m.k. fimm dögum áður en slík viðskipti eru áætluð. Ákvæði þetta nær ekki til þess þegar starfsmenn óska eftir heimild til að nýta áskriftarréttindi samkvæmt samningi þar um, þar sem að lágmarki verða að líða tólf mánuðir frá gerð samnings þar til hann er nýttur. Geta starfsmenn þar af leiðandi sent tilkynningu um nýtingu áskriftarréttinda sama dag og heimild er fengin frá regluverði.
- 9.4. Tvisvar á ári skal stjórn félagsins fjalla um verðbréfaeign starfsmanna samkvæmt þessum kafla.

10. Lágmarkseignarhaldstími

- 10.1. Starfsmenn KE skulu eiga fjármálagerninga sem þeir kaupa í 90 daga frá kaupdegi¹ að lágmarki.
- 10.2. Starfsmönnum er þó heimilt að selja fjármálagerninga áður en lágmarkseignarhaldstími er liðinn í eftirtöldum tilvikum:
 - 10.2.1. Ef markaðsverð keyþra fjármálagerninga fer niður fyrir upphaflegt kaupverð og viðskiptakostnað starfsmanns.
 - 10.2.2. Ef um er að ræða fjármálagerninga sem skráðir eru á erlendum skipulegum verðbréfamarkaði og hafa mikla veltu á mælikvarða þess markaðar að mati regluvarðar, til dæmis fjármálagerninga sem mynda helstu vísitölur þess markaðar þar sem fjármálagerningarnir hafa verið teknir til viðskipta, svo sem S&P500 eða FTSE100.
 - 10.2.3. Ef um er að ræða viðskipti starfsmanna með hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum, sérhæfðum sjóðum eða skuldabréf sem starfsmenn fá sem greiðslu við sölu fjármuna sinna.
 - 10.2.4. Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá félaginu.
 - 10.2.5. Ef starfsmenn selja hlutabréf í KE sem þeir hafa eignast við nýtingu kaupréttar samkvæmt kaupréttarsamningi enda sé um að ræða almennan kauprétt sem nær til hóps starfsmanna þar sem að lágmarki verða að líða tólf mánuðir frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur.
- 10.3. Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá lágmarkseignarhaldstíma vegna sérstakra aðstæðna, en með sérstökum aðstæðum er átt við óvæntar breytingar á aðstæðum starfsmanns eftir að fjármálagerningarnir voru keyptir, s.s. veikindi, slys eða andlát í fjölskyldu hans eða hjónaskilnað hans, eða hann hefur eignast þau óvænt með öðrum hætti en kaupum, s.s. við arf eða gjöf.

11. Skráning viðskipta

- 11.1. Regluvörður skal halda skrá yfir öll verðbréfavíðskipti starfsmanna skv. reglum þessum og lögum.
- 11.2. Starfsmenn skulu þó eiga afrit af upplýsingum um eigin viðskipti.

12. Innherjaupplýsingar og greiningar

- 12.1. Starfsmenn sem búa yfir innherjaupplýsingum um útgefanda fjármálagerninga skulu tryggja að þeir gæti í einu og öllu að ákvæðum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.
- 12.2. Starfsmönnum er óheimilt að nýta sér innri greiningu KE til að hagnast persónulega í viðskiptum með fjármálagerninga ef niðurstöður greiningar eru ekki öðrum viðskiptamönnum aðgengilegar.

13. Þátttaka í fjárfestingarfélögum eða hópum

- 13.1. Starfsmönnum er óheimilt að taka þátt í fjárfestingarfélögum (klúbbum) eða öðrum hliðstæðum félagsskap sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á fjármálagerningum.
- 13.2. Framangreint á þó ekki við um sjóði um sameiginlega fjárfestingu í fjármálagerningum þar sem skírteinishafar hafa engin áhrif á fjárfestingarnar, s.s. verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði eða sérhæfða sjóði.

¹ Í almennum útboðum skal kaupdagur vera sá dagur sem fjármálagerningur er tekin til viðskipta í kauphöll.

14. Kjör starfsmanna

14.1. Starfsmenn KE skulu njóta bestu kjara sem viðskiptamenn njóta á hverjum tíma.

15. Viðurlög

15.1. Brot á reglum þessum geta varðað áminningu eða eftir atvikum brottrekstri.

15.2. Eftir atvikum getur regluvörður tilkynnt brot til stjórnar sem svo tilkynnir þau til Fjármálaeftirlitsins, telji hún ástæðu til. Minniháttar brot skal regluvörður tilkynna til næsta yfirmanns.

16. Eftirfylgni

16.1. Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.

17. Breytingar

17.1. Breytingar á reglum þessum taka gildi þegar stjórn KE hefur samþykkt þær. Um leið falla úr gildi eldri reglur sama efnis.

Þannig samþykkt af stjórn Kviku eignastýringar hf. þann 21. október 2021